

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 36/2003

2003/EES/29/16

frá 14. mars 2003

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2003 frá 31. janúar 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/35/EB frá 25. apríl 2002 um breytingu á tilskipun ráðsins 97/70/EB um að setja samræmdar reglur um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56g (tilskipun ráðsins 97/70/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32002 L 0035**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/35/EB frá 25. apríl 2002 (Stjtíð. EB L 112, 27.4.2002, bls. 21).“

*2. gr.*

Texti tilskipunar 2002/35/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. mars 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. mars 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**P. Westerlund**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB L 94, 10.4. 2003, bls. 67 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 19, 10.4.2003, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB L 112, 27.4.2002, bls. 21.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.